



Skýrsla formanns Skógræktarfélags Selfoss, lesin á aðalfundi félagsins þann 31. mars 2004

Nýliðið 51. starfsár Skógræktarfélags Selfoss var um margt viðburðarríkt í sögu þess og einnig nokkuð annasamt hjá stjórn félagsins. Það sem án efa ber hæst er sú tilkynning er barst félaginu að velgjörðarmaður félagsins til margra ára Júlíus J. Steingrímsson, sem lést þann 9. nóv. sl. hafði ánaðnað Skógræktarfélagi Selfoss eignum sínum að verðmæti tæplega 20 milljóna króna, en eins og margir vita hafði Júlíus fyrir nokkrum árum fært félaginu að gjöf um eina milljón króna. Ljóst er að þetta stórkostlega framlag Júlíusar til félagsins mun algjörlega breyta rekstrarumhverfi þess um ókomna framtíð skapa skilyrði fyrir stórauðni starfi í félaginu.

Félagið naut krafta, velgjörða og hugsjóna Júlíusar um árabíl, sérstaklega við uppbyggingu á svæði félagsins í Hellisskógi við Selfoss. Júlíus var hugsjónamaður og mikill áhugamaður um trjárækt. Á ferðum sínum til Rússlands sótti hann m.a. efnivið sem hann prófaði hér heima og miðlaði gjarnan af reynslu sinni og þekkingu. Auk þess að taka virkan þátt í hinu almenna ræktunar- og uppbyggingarstarfi skógræktarfélagsins ræktaði hann upp á svæðinu sinn eigin trjálund með ýmsum trjátegundum, auk gróskumikils garðs við heimili sitt Lyngheiði 10 á Selfossi.

Skógræktarfélag Selfoss kann Júlíusi innilegustu þakkir fyrir sitt ötula og óeigingjarna starf og stuðning við félagið. Framlag hans mun verða félaginu máttarstolpi um ókomna tíð og minnig hans mun lifa í skóginum í Hellismýri. Útför Júlíusar var gerð frá Áskirkju 17. nóvember og voru tveir fulltrúar stjórnar viðstaddir útförina. Stjórn félagsins þykir viðeigandi að á komandi sumri verði útbúinn minningareitur um Júlíus og einhverskonar minnisvarði reistur honum til heiðurs.

Síðastliðinn vetur var lögð töluverð vinna í félagstal og skráningu félagsmanna, og er nú til ýtarlegt félagatal á tölvutæku formi. Undanfarin ár hafa hjón og pör verið skráð sem ein félagaaðild en vegna fyrirkomulags á útsendum greiðsluseðlum banka var ekki lengur unt að hafa hjón/pör skráð saman. Með greiðsluseðlum ársins var því sent bréf þessu til útskýringar. Félagsgjaldið var í ár 600 krónur en um 130 manns greiddu gjaldið fyrir síðastliðið ár sem verður að teljast nokkuð gott.

Síðastliðið sumar voru gróðursettar um 1000 trjáplöntur í Hellisskógi, 500 birki og 500 greni. Haft var samráð við grunnskóla

bæjarins um starfsdaga 5. bekkinga 2-4. júní og fengu hver nemandi 5 plöntur. Tveir almennir starfsdagar voru síðan 10. og 12. júní þar sem unnið var við gróðursetningu og áburðargjöf.

Síðastliðið sumar var gróðrinum í Helliskógi afar hagstætt. Það var sérstaklega áberandi gríðarlegur vöxtur í birki og voru 50-70cm. vaxtarsprotar algengir í birkinu.

Á liðnu sumri var samið sérstaklega við Árborg um endurbætur á trébrúum á svæðinu og lagði sveitarfélagið til vinnuafli en félagið útvegaði efnið. Húsasmiðjan á Selfossi gaf verulegan afslátt á timbri til verksins.

Styrkur Sveitarfélagsins Árborgar hefur á liðnum árum numið rösklega 300þúsund á hverju ári og hefur ýmist verið um vinnuframlaga að ræða en einnig peningagreiðslur. Með umsókn félagsins fyrir þetta ár var óskað eftir viðræðum um framlag ársins í ljósi breittra aðstæðna félagsins. Haldinn var fundur með bæjarstjóra og yfirverkstjóra bæjarins um framlag fyrir þetta ár og var samið um 379þús. kr. framlag fyrir þetta ár og jafnframt að verulegur hluti þess yrði tekið út í formi vinnuframlags vinnuskólans. Markmiðið er að stórefla gróðursetningu í Hellisskógi á árinu og að auka hlut ungmenna við gróðursetningu. Þá hefur verið rætt við forráðamenn Vallarskóla um að festa í sessi framlag 5. og 6. bekkinga á vordögum skólans við gróðursetningu í Helliskógi og að skólanum yrði úthlutað sérstakt svæði sem skólinn tæki formlega í fóstur og gæti með því móti sótt um sérstakt rekstrarfé í t.d. Yrkjusjóð. Hefur svokallað Stjánatún verið nefnt sem hentugt svæði til þessa.

Á haustdögum fór fram útboð til verktaka um lagningu akfærs stígs á svæðinu og var á grundvelli þess samið við Bakkaverk ehf um lagningu ríflega 100m stígs upp frá núverandi vegi við Hellinn. Fyrirhugað er að endurnýja og framlengja framræsluskurð meðfram stígnum og verður þá moldarefni bætt í vegkantinn. Ljóst er að brýn þörf er fyrir átaki í stíga- og vegagerð í Hellisskógi á komandi misserum. Rætt hefur verið við fulltrúa UMFS um samstarf í þeim efnum en félagið hefur í hyggju að standa fyrir gerð skokkstíga víðsvegar í sveitarfélaginu. Þá er einnig möguleiki fyrir hendi á samstarfi við landeigenda Laugarbakka um stígamál sem þjónað gætu báðum aðilum.

Varðandi stíga- og vegagerð að öðru leyti hafa komið fram hugmyndir um breytingar á aðkomu svæðisins þannig að aðalaðkoma yrði við Stekkjarholt/ Einholt og vegur lagður þaðan beint yfir í hjarta svæðisins við Hellishólinn. Í framhaldi af því mætti hugsa sér að loka fyrir innkeyrslu frá íbúðarhverfinu.

Vinnu við deiliskipulag svæðisins er löngu lokið en þó varð veruleg bið á því að það yrði auglýst á skipulagsyfirvöldum. Það var þó gert nú eftir áramót og á nú einungis eftir að vinna úr, eða svara innkomnum athugasemdum.

Varðandi starf félagsins að öðru leyti stendur hugur stjórnar félagsins til að efla félagið og blása nýju lífi í uppbygginguna í Hellisskógi. Með áðurnefndu samkomulagi við sveitarfélagið, tilstuðlan grunnskólanema og auknu félagsstarfi er fyrirhugað að gróðursetja í sumar um 12.000 plöntur í Hellisskóg. Þar af er gert ráð starfsfólk Vinnuskólans gróðursetji um 2/3 hluta þess og að 5. og 6. bekkingar Vallarskóla á Selfossi gróðursetji um 500 plöntur. Vinnukvöld félagsins hafa á undanförunum árum verið frekar fámenn og starfið lagst á fáar hendur. Til að fjölga megi virkum félögum þarf að gera félagið sýnilegra og gera átak í kynningu þess. Stefna stjórnarinnar er að stuðla að þáttöku í viðburðinum "Vor í Árborg" með gönguferð um svæðið og að stefnt verði að einhverskonar uppákomu síðsumars. Þá er á stefnuskránni að koma upp heimasíðu félagsins með upplýsingum um starf þess.

Það er ljóst að í hönd fara spennandi tímar fyrir félagið og starfsgrundvöllur þess er gjörbreytt til hins betra með framlagi Júlíusar heitins Steingrímssonar. Einungis vaxtagreiðslur af höfuðstólnum gætu fleytt félaginu farsællega inn í framtíðina. Stjórn félagsins hefur ekki markað neina sérstaka stefnu varðandi þessa breyttu eignarstöðu félagsins. Það hefur hins vegar verið stefnan hingað til að félagið, eða félagsmenn, leggði ekki framlög til beinna fjárfestinga hvorki í Helliskógi eða öðrum starfssvæðum sem ekki eru í eigu félagsins enda getur þessum svæðum verið úthlutað til annara landnotkunar að félaginu forspurðu eins og dæmin raunar sanna. Gengið var frá arfgreiðslunni til félagsins í byrjun þessa árs, og kemur að þeim sökum ekki í bókhald félagsins fyrir þetta ár. Opnuð var sérstök hávaxtabók í Landsbanka Íslands þar sem greiðslan var lögð inn. Það er skoðun stjórnar að ákvarðanir um veruleg fjárútlát beri að fara með fyrir aðalfund.

Sævar Sigursteinsson hefur boðað að hann sækist ekki eftir endurkjöri, en hann hefur setið í stjórn og unnið ötult starf fyrir félagið um árabil. Stjórnin þekkar Sævari fyrir vel unnin störf.

Fyrir hönd stjórnar Skógræktarfélags Selfoss,

Hemann Ólafsson, formaður